



Hafnarfjörður

7. fundur haldinn með menntaleiðtogum í Ástjarnarsókn þriðjudaginn 15.mars kl. 14.00 – 16.00. Alls mættu 18 menntaleiðtogar til fundar ásamt fulltrúum úr stýrihópi menntastefnunnar.

Dagskrá fundar

Fundurinn var framhald á vinnustofu sem haldin var í Víðistaðaskóla í febrúar, unnið var að því að greina markmið menntastefnu byggð á áherslum sem lagðar voru til út frá þeim gögnum sem safnast hafa í ferlinu og fundum með menntaleiðtogum fram til þessa.

Unnið var í hópum að því að greina markmið út frá áherslunum og þeim aðgerðum sem gripa þarf til að ná árangri eða settum markmiðum.

Góðar umræður voru í vinnuhópum og fagleg sjónarmið lögð fram til að setja markmið út frá þeim hugmyndum sem lagðar hafa verið fram á fyrri fundum.

Arnar, stefnumótunarráðgjafi hélt utan um vinnuna og safnaði saman gögnum til frekari úrvinnslu. Miðað er að því að samantekt verði lokið um miðjan apríl.

Fundargerð ritaði HAG